

Þriðjudaginn 20. júní 1978.

Nr. 32/1976. Magnea Árnadóttir
 (Hörður Einarsson hrl.)
 gegn
Bjarna Andréssyni
og gagnsök
 (Jón E. Ragnarsson hrl.).

Óvígð sambúð. Eignauppgjör. Löghald. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 9. febrúar 1976. Eru kröfur hans þessar: Aðalkrafa, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda 1.521.005 krónur. 1. varakrafa, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda 1.056.501 krónu. 2. varakrafa, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda 1.151.510 krónur. 3. varakrafa, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda aðra lægri fjárhæð að mati Hæstaréttar. Aðaláfrýjandi krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 13% ársvexti af tildæmdri fjárhæð frá 18. október 1974 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal löghaldskostnað. Loks krefst hann þess, að staðfest verði löghaldsgerð, er fram fór í fógetarétti Grindavíkur 20. desember 1974 til tryggingar kröfum aðaláfrýjanda á hendur gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 23. febrúar 1976. Krefst hann sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og að framangreind löghaldsgerð verði úr gildi felld. Hann krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðiljar töldu hvor um sig fram til skatts þann tíma, sem þau bjuggu saman, og fjárhagur þeirra virðist hafa verið greinilega aðskilinn allan tímann. Samkvæmt þessu og með

vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir aðaláfrýjandi eiga rétt til greiðslu fjárhæðar úr hendi gagnáfrýjanda, sem þykir hæfilega ákveðin 700.000 krónur ásamt 13% ársvöxtum frá 18. október 1974 til greiðsludags.

Dæma ber gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Staðfesta ber löghald, sem framkvæmt var í fasteigninni Selsvöllum 15 í Grindavík 20. desember 1974 til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

D ó m s o r ð :

Framangreint löghald er staðfest.

Gagnáfrýjandi, Bjarni Andrússon, greiði aðaláfrýjanda, Magneu Árnadóttur, 700.000 krónur ásamt 13% ársvöxtum frá 18. október 1974 til greiðsludags og 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Ármanns Snævarr hæstaréttardómara.

Aðiljar máls þessa bjuggu í óvígðri sambúð nálega fjögur ár. Á þessu tímabili bættust gagnáfrýjanda nokkrar eignir, sem greindar eru í héraðsdómi, en eigi er getið annarrar eignamyndunar hjá aðaláfrýjanda en fjár þess, er hún lagði til húsbyggingar og síðar greinir.

Samkvæmt gögnum máls lagði aðaláfrýjandi fram nokkra vinnu við byggingu sumarhústaðar í landi Múla í Reykhólasveit svo og hússins Selsvalla 15 í Grindavík, en sýnt þykir, að ætlunin hafi verið að reisa hús þessi til hagsbóta fyrir málsaðilja báða og fjölskyldu aðaláfrýjanda. Ágreiningslaust er, að aðaláfrýjandi lagði fram 90.000 krónur vegna síðargreindu húsbyggingarinnar.

Samkvæmt málflutningi verður við það að miða, að lán frá húsnæðismálastjórn til byggingar hússins Selsvalla 15 hafi verið veitt á grundvelli þess, að gagnáfrýjandi hefði fyr-

ir fjölskyldu að sjá. Fram kemur í gögnum máls, að aðaláfrýjandi samþykkti veðsetningu á húseign þessari vegna lántöku gagnáfrýjanda sem „eiginkona“ hans eða „væntanleg eiginkona“ hans. Í héraðsdómi greinir frá tilhögun á greiðslum vegna heimilis málsaðilja. Hvor málsaðili taldi sjálfstætt fram til skatts, og virðist hvor um sig hafa greitt sína skatta, en þau stunduðu bæði vinnu utan heimilis, svo sem greinir í héraðsdómi.

Af málsgögnum er svo að sjá sem gagnáfrýjandi hafi átt mjög litlar eignir, er sambúð þeirra aðiljanna hófst. Við lok sambúðar er hins vegar fyrir að fara talsverðum eignum, og er viðhlitandi grein gerð í málinu fyrir verðmæti þeirra.

Um eignauppgjör við lok óvígðrar sambúðar eru eigi skráðar lagareglur hér á landi. Hins vegar hafa verið lögfest nokkur lagaákvæði, sérstaklega á vettvangi félagsmálaöldggjafar, er gera hlut sambúðarfólks svipaðan því, sem lögmælt er um hjón. Þegar þessa er gætt og höfð er hliðsjón af löggjöf og lagareglum um fjárskipti við lok hjúskapar, þykja lagarök standa til þess, að aðaláfrýjandi öðlist hlutdeild í þeirri fjármunamyndun, sem varð meðan á sambúð málsaðiljanna stóð. Hafa ber hér m. a. í huga, að aðaláfrýjandi hafði dóttur sína á heimilinu og að aðaláfrýjandi lagði fram fé og vinnu vegna þeirra tveggja eigna, sem að framan greinir. Þegar þetta er virt, þykir bera að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda 1.000.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 18. október 1974 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, alls 400.000 krónur.

Staðfesta ber löghald 20. desember 1974 í fasteigninni Selsvöllum 15, Grindavík, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

D ó m s o r ð :

Gagnáfrýjandi, Bjarni Andrésson, greiði aðaláfrýjanda, Magneu Arnadóttur, 1.000.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 18. október 1974 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, alls 400.000 krónur.

Staðfest er löghald 20. desember 1974 í fasteigninni

Selsvöllum 15, Grindavík, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. nóvember 1975.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 4. þ. m., hefur Magnea Árnadóttir, Laugarnesvegi 76, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 27. desember 1974, á hendur Bjarna Andrés-syni, Æsufelli 4, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Aðalkrafa, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1.521.005. Varakrafa er sú, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1.056.501. Þrautavarakrafan er, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1.061.510.

Í öllum þessum þremur tilvikum krefst stefnandi vaxta, 2% á mánuði frá 18. október 1974 til greiðsludags. Í öllum tilvikum krefst stefnandi staðfestingar á löghaldsgerð þeirri, er fram fór í fógetarétti Grindavíkur hinn 20. desember 1974 að beiðni stefnanda til tryggingar þeirri fjárhæð, sem henni verður tildæmd.

Í öllum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar að mati réttarins.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda, synjað verði um staðfestingu löghaldsins og stefnanda verði dæmt að greiða stefnda málskostnað að fullu að skaðlausu eftir mati réttarins, þar með talin full mál-færslulaun fyrir dóminum samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Reynt hefur verið að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Helstu málavextir eru þessir:

Í júnímánuði 1970 fluttist stefndi til stefnanda í leiguhúsnæði hennar að Laugalæk 19, Reykjavík, og hófu þau þar óvígða sambúð. Á heimili stefnanda hjó og dóttir hennar, fædd 1955. Húsnæði það, sem hér um ræðir, er tvö lítil kjallaraherbergi auk gangs og salernis. Það varð að samkomulagi við húseiganda, að stefndi smíðaði litla eldhúsinnréttingu í ganginum og klæðaskáp fyrir enda hans, og skyldi þetta ganga upp í húsaleigu. Þegar stefndi kom í íbúðina, hvíldi á henni 3 mánaða leiguskuld, sem

hann greiddi. Síðan greiddi hann húsaleigu eftir húsnæðið, að fráskildum 2—3 mánuðum, sem stefnandi greiddi.

Þegar stefndi flutti til stefnanda, gerðu þau með sér samkomulag um, að stefndi greiddi húsaleigu, rafmagn og allt kjöt til heimilisins. Einnig skyldi stefndi greiða skemmtanir og áfengi. Fyrsta árið kveðst stefndi einnig alltaf hafa greitt stefnanda kr. 1.000 á viku til heimilishaldsins. Þessu er mótmælt af hálfu stefnanda.

Báðir aðiljar unnu fulla vinnu utan heimilis, meðan sambúðin varaði. Stefnandi þjónaði stefnda, annaðist matseld og heimilishald, meðan þau bjuggu saman. Hún greiddi og annan mat en kjöt, meðan sambýlið stóð.

Meðan málsaðiljar bjuggu saman, keypti stefndi og greiddi ís-káp, þvottavél, frystikistu og sjónvarp, allt ný tæki. Þá keypti stefndi strax tveggja hólfa hellu til eldunar, þar sem eldunar-aðstaða var ekki fyrir hendi, og seinna viftu fyrir eldhús. Mjög fljótlega eftir að samband þeirra hófst, kveðst stefndi hafa keypt matar- og kaffistell fyrir 6 manns, einnig hraðsuðupott, steikar-pönnu og Gundaofn.

Í júní 1971 keypti stefndi nýja Moskvich bifreið, og varð að samkomulagi með málsaðiljum, að bifreiðin yrði skráð á nafn stefnanda. Hins vegar greiddi stefndi allt kaupverð bifreiðarinnar og kostnað allan og gjöld af henni.

Árið 1972 fékk stefndi leyfi bróður síns, Páls Andréssonar, Múla, Reykhólasveit, Barðastrandarsýslu, til að byggja sumar-bústað í landi Múla. Greiddi stefndi allt efni til bústaðarins, sem nam kr. 47.711.30. Stefnandi smíðaði grind bústaðarins, áður en hann flutti hann vestur. Þannig segir stefndi, að sáralítil smíði hafi farið fram á staðnum. Stefnandi kveður stefnanda hafa aðstoðað sig við að reisa og rétta plötur og við málningu bústaðarins, en hann hafi verið reistur á 4 dögum. Þá hafi smíðavinnan verið eftir, sem hann kveðst hafa unnið. Skúr þessi hefur ekki varanleg lóðarréttindi, heldur eru þau bundin við stefnda einan, meðan hann á hann.

Árið 1973 hóf stefndi að byggja einbýlishús við götuna Selsvelli nr. 15 í Grindavík. Stefnandi kveðst sjálfur hafa kostað þessa byggingu, að undanskildum kr. 90.000, sem hann hafi fengið að láni hjá stefnanda til byggingarinnar. Á skattframtali stefnanda er þetta talið sem kr. 100.000 lán til stefnda, og á skattframtali stefnda árið 1974 er þetta talið 100.000 króna skuld til stefnanda,

enda segir stefndi, að sér hafi þótt rétt að reikna stefnanda nokkra vexti fyrir þetta lán. Stefnandi aðstoðaði stefnda við að reisa húsið að Selsvöllum 15 í Grindavík. Hún kveðst ekki hafa haldið hjá sér þeim tímum, sem hún varði í þetta verk, en segir, að allt sumarleyfi sitt árið 1973 hafi farið í þetta og einnig hafi hún farið helgi eftir helgi suður til Grindavíkur með stefnda og aðstoðað hann við ýmislegt, handlanga til hans, draga út nagla, hreinsa timbur og ýmislegt annað, sem hún hafi getað gert. Sýnist ekki vera ágreiningur um þetta milli málsaðilja. Þegar stefndi sótti um lán til veðdeildar Landsbanka Íslands út á nefnt hús árið 1974, ritar stefnandi nafn sitt á þar til gert eyðublað: „samþykki maka“ sem væntanleg eiginkona stefnda.

Í aprilmánuði 1974 slitnaði upp úr sambúð málsaðilja, og fór stefnandi af heimilinu. Stefndi tók þá í sínar vörslur þau heimilis-tæki, sem talin eru upp hér að framan, svo og sjónvarp, sem hann hafði greitt fyrir, en var á nafni dóttur stefnanda. Hinn 29. apríl 1974 var Moskvich bifreið sú, sem getið er um hér að framan, færð yfir á nafn stefnda, án þess að greiðsla kæmi fyrir til stefnanda.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á þeim rökum, að á þeim tíma, sem sambúð stefnanda og stefnda hafi staðið yfir, hafi skapast sameign þeirra á eftirtöldum eignum:

1. Húseigninni Selsvöllum 15 í Grindavík ásamt því, er henni fylgi, lóðarréttindum og byggingarefni. Hefur stefnandi fengið dómkvadda matsmenn til að meta verðmæti þessara hluta. Er matsgerð hinna dómkvöddu manna dags. 31. júlí 1975, og eru eignirnar þar metnar á kr. 2.850.000.

2. Sumarbústað í Þorskafirði, Barðastrandarsýslu. Stefnandi hefur fengið bústað þennan metinn brunabótamati skv. virðingargerð, dags. 22. október 1975. Vátryggingarupphæð sumarbústaðarins er skv. henni kr. 690.000.

3. Bifreið, Moskvich, árgætt 1971, R 22986, sem stefnandi telur 140.000 króna virði.

4. Frystikistu, ísskáp, sjónvarpstæki og þvottavél, en stefnandi telur verðmæti þeirra muna samtals kr. 112.014.

Samtals gera þessar fjárhæðir kr. 3.792.011. Frá þessari fjárhæð dregur stefnandi veðskuldir við veðdeild Landsbanka Íslands vegna Selsvalla 15, kr. 800.000, og skuldir við Landsbankann í Grindavík, kr. 130.000. Eftir standa þá kr. 2.862.011. Helmingur ofangreindrar fjárhæðar er kr. 1.431.005. Við þá fjárhæð

bætir stefnandi matskostnaði vegna Selsvalla 15, að fjárhæð kr. 90.000. Samtals nemur því fjárhæð aðalkröfu kr. 1.521.005.

Stefnandi kveður það hafa verið umtalaðan ásetning hennar og stefnda að ganga í hjónaband. Hafi ásetningur þessi verið fyrir hendi hjá báðum allt til hins síðasta. Dráttur hafi orðið á því, að þau létu gefa sig saman, og hafi dregist æ lengur, að úr því yrði, eins og oft vilji verða í óvígðri sambúð. Framangreinda sameign segir stefnandi, að hafi stofnast á þeim forsendum, að hjónaband væri framundan. Forsenda fyrir sameigninni hafi brostið með sambúðarslitum. Erfitt sé að sjá, að annað komi til greina við slit á sameigninni en helmingaskipti.

Varakrafa stefnanda er byggð á því sjónarmiði, að við skiptingu eignanna verði tekið tillit til tekna hvors um sig á sambúðartímanum. Ef þetta sjónarmið verði látið ráða, verði þó að gæta þess að meta einnig stefnanda til tekna vinnu þá, er hún hafi látið heimilinu í té, en hún hafi annast það að öllu leyti ein.

Eignin sé sú sama og í aðalkröfu, kr. 3.792.011.

Þar frá dragist skuld að fjárhæð kr. 930.000.

Eftir standa þá kr. 2.862.011.

Avinnutekjur stefnanda hafi verið 33.77% af samanlögðum tekjum stefnanda og stefnda. Þetta hlutfall af ofangreindri fjárhæð nemi kr. 966.501.

Þar við bætir stefnandi matskostnaði að fjárhæð kr. 90.000. Samanlögð fjárhæð varakröfu nemur því kr. 1.056.501.

Stefndi rökstyður sýknukröfu sína með því, að þegar báðir aðiljar höfðu lagt til heimilisins það, sem um var samið, hafi hvoru um sig verið frjálst að ráðstafa tekjuafgangi, eins og þeim líkaði best, og ef ekki yrði frekar úr sambúðinni, hefði hvor sitt. Stefndi kveður það alrangt, að málsaðiljar hafi lagt fram atvinnutekjur sínar óskiptar, án þess að reiknað væri sundur, hvað hvort um sig legði fram. Mótmælir stefndi því, að þau hafi eignast saman hin ýmsu heimilistæki, sem stefndi keypti ný og greiddi fyrir af sínu fé. Samkvæmt þessu heldur stefndi því fram, að aldrei hafi verið um neina samaðild stefnanda og stefnda um eignir, hvorki fastar né lausar. Hvor aðili um sig hafi átt sitt og stefnanda hafi verið þetta ljóst eigi síður en stefnda, þegar hún hafi tekið eigur sínar og flutt brott af heimilinu í apríl 1974. Þá sýni einnig hin framlögðu gögn og sanni, að stefndi sé einn eigandi þeirra eigna, sem stefnandi geri nú kröfu til. Stefndi kveður það óumdeilt, að stefnandi hafi lánað sér kr. 90.000 til hús-

byggingarinnar að Selsvöllum 15, og standi henni til boða að fá lánið greitt, en hún hafi neitað að taka við því.

Svo sem áður er rakið, stofnuðu málsaðiljar aldrei til hjúskapar á sambúðartímanum. Dómurinn getur því ekki fallist á, að III. kafla laga um réttindi og skyldur hjóna nr. 20 frá 20. júní 1923 eigi við í tilviki, sem hér er um fjallað. Ekki verður heldur á það fallist, að III. kafla laganna verði beitt með lögjöfnun, eins og mál þetta er vaxið. Gegn eindregnum andmælum stefnda hefur stefnandi ekki sannað, að stofnast hafi með þeim samaðild um þær eignir, sem um er deilt, meðan sambúðartíminn stóð. Er því aðalkröfu og varakröfu stefnanda um það, að hún fái með ákveðnum hætti hlutdeild í eignum stefnda, hrundið.

Um þrautavarakröfu:

Við munnlegan flutning málsins setti stefnandi fram þrautavarakröfu, sem byggð er á vinnuframlagi hennar í 45 mánuði frá 1. júlí 1970 til loka mars 1974. Byggt er á prentuðum kaup-töxtum Verkavennafélagsins Framsóknar og reiknað eftir liðnum „aðrar matræðskonur“, sem stefnanda sýnist vera eina starfsgreinin í kaup-töxtunum, sem unnt sé að heimfæra starf hennar undir.

Samkvæmt slíkum útreikningi er kröfugerð stefnanda sem hér segir:

Árið 1970 alls kr. 105.090.

Árið 1971 alls kr. 228.252.

Árið 1972 alls kr. 277.891.

Árið 1973 alls kr. 337.885.

Fyrstu 3 mán. 1974 alls kr. 110.392.

Samtals gerir þetta kr. 1.061.510.

Við þessa fjárhæð bætir stefnandi framlagi sínu til húsbyggingarinnar að Selsvöllum 15, kr. 90.000.

Þannig verður samanlögð fjárhæð þrautavarakröfu kr. 1.151.510.

Við munnlegan flutning málsins mótmælti lögmaður stefnda þrautavarakröfunni í fyrsta lagi sem of seint fram kominni. Dómurinn innti þá lögmanninn eftir því, hvort hann hefði fyrst vitað um þrautavarakröfu þessa, þegar málið var flutt munnlega, og kvað hann svo ekki vera, heldur hefði sér verið afhent sundurliðuð kröfugerð lögmanns stefnanda auk þeirra gagna, er hún byggðist á, nokkrum dögum fyrir munnlegan flutning málsins. Þegar þetta er haft í huga svo og það, að lögmaður stefnda tók

til efnislegra varna við munnlegan flutning um þrautavarakröfuna, þá getur dómurinn ekki fallist á það með lögmanni stefnda, að þrautavarakrafan sé of seint fram komin, þótt hitt hefði vissulega verið réttara að setja hana fram fyrr.

Þá færði stefndi efnislega fram þau rök gegn þrautavarakröfunni, að stefnandi hefði unnið fulla vinnu utan heimilis allan sambúðartíma aðiljanna. Stefndi hafi lagt verulega til heimilisins á sambúðartímanum og sparað stefnanda þar með útgjöld og auk þess hafi hún á sambúðartímanum haft dóttur sína hjá sér í heimilinu, og veit stefndi ekki til þess, að hún hafi greitt nokkuð fyrir það.

Dómurinn lítur svo á, að stefnandi eigi rétt á greiðslu úr hendi stefnda vegna vinnuframlags síns á sameiginlegu heimili þeirra, svo sem lýst er fyrr í dóminum, meðan sambúðin varði. Við ákvörðun þeirrar greiðslu ber í fyrsta lagi að hafa í huga, að stefnandi vann fulla vinnu utan heimilis allan sambúðartímann, í öðru lagi ber að taka tillit til tímalengdar sambúðarinnar, og í þriðja lagi verður að ætla, að stefnanda, sem hafði dóttur sína á heimilinu, hafi sparast veruleg útgjöld til heimilisins vegna samþýlisins við stefnda og fjárframlaga hans til heimilisins. Þegar þetta er virt og enn fremur er tekið nokkuð tillit til þeirrar aðstoðar, sem stefnandi veitti stefnda, þegar hann var að reisa einbýlishús sitt að Selsvöllum 15, Grindavík, og sumarbústaðinn í landi Múla, Reykhólasveit, þá þykir þessi greiðsla hæfilega ákveðin kr. 480.000. Við þá fjárhæð ber að bæta þeim kr. 90.000, sem stefnandi lánaði stefnda til húsbyggingarinnar að Selsvöllum 15, Grindavík. Samtals nema þessar fjárhæðir kr. 570.000. Þá fjárhæð er stefndi dæmdur til að greiða stefnanda ásamt vöxtum, er ákveðast 13% ársvextir frá 18. október 1974 til greiðsludags, enda hefur stefndi mótmælt vaxtakröfu stefnanda sérstaklega sem of hárrí.

Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 135.000 upp í málskostnað. Í þeirri málskostnaðarfjárhæð eru fólgin gjöld til bæjarfógetans í Keflavík vegna lögaldsgerðar, að fjárhæð kr. 21.040, og stimpil- og þinglýsingargjald á lögaldsgerð, að fjárhæð kr. 24.475. Kostnaður við mat á húseigninni Selsvellir 15, Grindavík, að fjárhæð kr. 90.000, er ekki tekinn til greina, þar sem sá kostnaður telst hafa verið óþarfur, eins og úrslit þessa máls hafa orðið.

Staðfest er lögald í fasteigninni Selsvöllum 15, Grindavík, er

fram fór hinn 20. desember 1974 til tryggingar tildæmdum fjárhæðum, svo sem stefnandi gerir kröfu til, enda hefur löghaldi þessu verið haldið réttilega til laga með útgáfu réttarstefnu hinn 23. desember 1974.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Bjarni Andrésson, greiði stefnanda, Magneu Árnadóttur, kr. 570.000 með 13% ársvöxtum frá 18. október 1974 til greiðsludags og kr. 135.000 upp í málskostnað.

Staðfest er löghald, sem fram fór í fasteigninni Selsvöllum 15, Grindavík, hinn 20. desember 1974 til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Löghaldsgerð fógetaréttar Grindavíkur 20. desember 1974.

Ár 1974, föstudaginn 20. desember, var fógetaréttur Grindavíkur settur að Selsvöllum 15, Grindavík, og haldinn af fulltrúa bæjarfógeta Jóni G. Briem með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Fógetaréttarmálið nr. 238/1974, löghaldsmál: Magnea Árnadóttir gegn Bjarna Andréssyni.

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir í réttinum Vagn E. Jónsson hæstaréttarlögmaður og leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og krefst löghalds til tryggingar skuldinni, kr. 2.000.000, auk 2% mánaðarvaxta frá 18. október 1974 til greiðsludags.

Gerðarþoli er ekki mættur í réttinum, en af hans hálfu mætir að tilhlutan fógetans Kolbrún Einarsdóttir, sem býr í næsta húsi.

Lögmaður gerðarbeiðanda bendir á húsið Selsvelli 15, Grindavík, til löghalds, fallið var frá virðingu.

Fógeti lýsti yfir því, að hann gerði löghald í framangreindri eign.

Lögmaður gerðarbeiðanda tekur að sér að tilkynna gerðarþola um gerðina. Lögð var fram í réttinum ávísun, útgefin af Vagni E. Jónssyni, að upphæð kr. 500.000, sem fógeti metur nægilega tryggingu úr hendi gerðarbeiðanda.

Upplesið. Játað rétt bókað.

Kolbrún Einarsdóttir

Gerðinni lokið.

Vagn E. Jónsson